

Ed.

793. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

1. gr. laganna hljóðar svo:

Hreppstjórar hafa laun í hlutfalli við íbúatölu umdæmis síns sem hér segir: Í hreppi með 100 íbúa eða færri eru launin 500 kr. Í hreppi með 101—150 íbúa 560 kr. Í hreppi með 151—200 íbúa 620 kr. og svo framvegis, þannig að launin hækki um 60 kr. fyrir hverja 50 íbúa.

Leggi hreppstjóri niður sýslan eða deyi fyrir lok fardagaárs, ber honum eða búi hans $\frac{1}{2}$ árslauna fyrir hvern mánuð eða mánaðarhluta, sem hann hefur gegnt hreppstjórn á fardagaárinu. Árslaun greiðir sýslumaður hreppstjóra á manntalsþingi fyrir hvert liðið fardagaár.

Fjármálaráðherra er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sýslumanns, að ákveða hreppstjóra hærra laun en segir í 2. málsg., ef hann fer með sýslan í kaптúni, þar sem eru fleiri en 400 íbúar og lögreglustjóri er eigi búsettur í því kaптúni.

2. gr.

Á eftir 11. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Af aukatekjum þeim, sem taldar eru í 3. til 8. gr. og 10. gr. laganna, greiðir gjaldandi einnig verðlagsuppbót eins og hún er á hverjum tíma.

Þegar hreppstjóri annast í umboði sýslumanns innheimtu rikissjóðstekna eða iðgjalda til tryggingarsjóðs, ber honum $\frac{3}{4}$ þeirrar þóknunar, sem greidd er fyrir innheimtuna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal greiða samkvæmt þeim hreppstjóra laun þau, er í gjalddaga falla á næstu manntalsþingum 1947.